

KONURNAR Á BAK VIÐ (SÝNINGAR) TJALDIÐ

Eiginkonu sýningarmannsins má að vissu leiti líkja við stöðu sjómannskonunnar, nema hvað sýningarmenn eru ekki á sjó heldur í “sjó-buisness”- tíu tíma sólarhringsins. Ég segi þetta og skrifa af vissu tilefni.

Nokkrir sýningarmenn tóku sig til og framkvæmdu stuttmynd um starf sýningarmannsins. Ágætur fróðleikur. En ég er með hugdettu. Hverning væri að gera mynd um konur sýningarmanna? Þær eru þess svo sannarlegar verðugar.

Þessi mynd gæti til dæmis borið heitið: “The projectonist’s wife next top model” ! Þið stúlkur kæmu saman í systra-ást og myndu velja t.d. svona 8 eða 10 stykki- til að einfalda málið. Svo mætti jafnvel auka á spennuna og blanda bíógestum í málið með því að ganga fram fyrir áhorfendur á síðustu sýningu kvöldsins í bíóum borgarinnar -tvö til þrjú kvöld.

Með bíómiðanu fylgdi atkvæðaseðill sem skilað yrði að lokinni sýningu. Dómnefnd skipuð og ég sting upp á Geira Goldfinger sem formanni. Atkvæði sýningarmanna og bíógesta talin í lokin. Á aðalfundi FSK væru svo úrslitin kunngerð.

Ég sé í anda þennan atburð. Drottning sýningarmanna með tárin trítlandi niður vangana og titrandi af hugaræsing.

Breiður, hvítur borði frá öxl niður á mjaðmir með merki Möltukrossins milli brjóstanna. Hún myndi þakka þakka sínum og mömmu og gömlum afa á Elliheimilinu. Einnig framleiðanda myndarinnar og ljósameistara. En fyrst og fremst myndi hún þakka eiginmanni sínum, sýningarmanninu sérstaklega fyrir, hvað hann er mikið fjarverandi ! Hvernig lýst ykkur á? Svo mætti líka veita heiðursverðlaun fyrir eldri konur gamalla sýningarmanna t.d. konunni minni. Þetta væru Oscars-verðlaun sýningarmanna.

Við þurfum ekki að sækja nafngiftina til Hollywood. Við eigum okkar hinn eina og sanna Óskar.

Til að ljúka þessum lið, langar mig aðeins að pota í stuttmyndina um starf sýningarmannsins.

Birtan eða lýsingin á fallegu þulunni í myndinni er líkust því að hún væri í 3ju gráðu yfirheyrslu á Litla-Hrauni !

Þökk sé ljósameistararum !

Kúrekaleikarinn RANDOLPH SCOTT og þrívíddarmyndir.

ELVIS PRESLEY og lagið “HEARTBRAKE HOTEL”

Ég fæ stundum martröð í svefni. Ég er að sýna í Stjörnubíó. Hvað eiga orðin í fyrirsögninni sameiginlegt?

Þau lúra djúpt í fylgslum hugans. Orðin vakna stundum, þegar ég fer að sofa. Þau eru orsökina að slæmum draumum mínum.

Raunveruleikinn. Fyrsta kúrekamyndin í þrívídd. Ég var búinn að “prufusýna” hana í tvígang og allt gekk eins og í sögu.

Bardagi við Índíána. Örvar fljúga gegnum hausinn á þér og fallbyssukúlur hvítu landnemanna lenda á miðju enninu.

Frumkýning á föstudegi og pakkað hús á 5-sýningu. Ég starta en allt fer úrskaiðis. Greinilegt er að vélarnar læsa sig ekki saman. Filmuræmurnar úr “synki” og langt út í móa. Tvær tilraunir. Sama útkoma. Einhver bilun, sem erfitt var að sálgreina á stundinni. Sýningu aflýst. Allt brjálað. Borga út fimm hundruð bíómiða. Það átti að berja sýningarmanninn, sem án efa væri blindfullur, (ekki veit ég hvaðan sú hugdetta kom) Hóað í Gunnar Þorvarðarson, sem var opinber viðgerðarmaður í kvikmyndahúsunum. Ástæðan : Öryggisrofi á annari sýningarvélinni gaf ekki samband. Það nægði. Bilunin lagfærð og nýu-sýningin gekk vel fyrir sig, sem og aðrar sýningar á þessari ómerkilegu mynd.

Elvis Presley og “Heartbrake Hotel”. Lagið var fyrsti smellur söngvarans með mjaðmahnykkina. Gerði hann heimsfrægan. Þetta var nefnilega síðasta lagið sem ég setti á fóninn fyrir bíógesti á undan martraða-sýningunni – og reyndar síðasta lagið sem ég hef spilað með Prestley síðan!

Hvernig stendur á því að mig vinnu-dreymir alltaf um Stjörnubíó ? Aldrei um Tónabíó.

Stundum er allt í óreiðu. Það vantar aðra sýningarvélina eða hún snýr öfugt. Það eru komnar 16mm vélar í klefann og ég stend með 35mm filmu í höndum, fimm mínútu fyrir sýningu ! Ein spólan týnd og svona fram eftir götunum.

Hvað segið þið? Á ég að leita til sálfræðings? Nei-annars. Ég held ekki. Það er ekki þörf á að bæta við enn einum sálfræðingi í raðir hinna klikkuðu. Ég verð víst að lifa með Stjörnubíó!

Nú er að renna upp fyrir mér ljós vegna skrifa minna í FSK-blaðið.

Hugsið ykkur ef þvílík ritræpa hefði birst á almennu prenti, þegar Íslendingar stóðu í deilum við Dani út af aldargömlum íslenskum fornritum og þeir harðneituðu að afhenda okkur,

(Ég veit að sumir ykkar voru ekki fæddir árið 1971), Þá hefðu danskir menningarvitar strax gert sér ljóst á hvaða heljarþróm íslensk ritmenningu væri stödd – og afhent okkur þessar kálfskinnsgersemar – möglunarlaust !!

Með kveðju

Agnar